

Sp.

844. Svar

[381. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóns Sveinssonar um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað liður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. apríl 1986 um könnun á hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík henti Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu?

Ályktun Alþingis um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands var send embætti húsameistara ríkisins með bréfi, dags. 11. júlí 1986, þar sem þess var farið á leit að það kannaði hvort Safnahúsið gæti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús.

Frumathugun hefur þegar farið fram svo sem fram kemur í bréfi húsameistara ríkisins, dags. 6. mars 1986, sem hér birtist í heild ásamt könnun embættisins á húsnæðisþörf og rýmisáætlun.

„Samkvæmt ósk ráðuneytisins í bréfi frá 11. júlí 1986 hefur verið gerð frumathugun á þeim möguleika að koma starfsemi Hæstaréttar fyrir í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Eftir að hafa kannað þarfir Hæstaréttar, svo og aðstæður í Safnahúsinu við Hverfisgötu, var gengið frá tillögu í janúar 1987, svo og rýmisáætlun er sýnir samanburð á núverandi húsakosti Hæstaréttar (568 m² nettó) og því rými er Hæstiréttur fengi til ráðstöfunar í Safnahúsinu (1888 m² nettó).

Tillagan var kynnt dómurum Hæstaréttar og hafa þeir fyrir sitt leyti samþykkt öll meginatriði tillögunnar.

Tillagan byggist á því að nánast engu verði breytt í innra skipulagi hússins.

Það er álit húsameistara að Safnahúsið henti að mörgu leyti vel fyrir starfsemi Hæstaréttar og það sé í virðuleika sínum ákjósanlegur rammi um starfsemi Hæstaréttar.

Mikilvægt er einnig frá sjónarmiði húsfriðunar að gengið er út frá því sem forsendu við tillögugerðina að herbergjaskipan hússins verði nánast ekkert breytt. Nýting hússins, þ.e. gólfplatarmetrar á starfsmann, er þar af leiðandi slæm, þ.e. herbergi eru stór og mikið rými fer undir annað en beina starfsemi. Fyrir starfsemi eins og Hæstarétt getur það þó jafnvel talist ákjósanlegt.

Ekki hefur enn verið gerð áætlun um þann kostnað sem því fylgir að flytja Hæstarétt í Safnahúsið. Málið er enn varla á því stigi að gera megi sundurliðaða áætlun. Ljóst er þó að yfirfara og endurnýja þarf húsið í heild, bæði að innan og utan, þegar núverandi starfsemi flyst þaðan. Þó hefur viðhald hússins alls ekki verið vanrækt hin síðari árin. Lausleg áætlun byggð á reynslutölum bendir til að 30–40 millj. kr. (vísitala 293 stig) þurfi til endurnýjunar-framkvæmda áður en Hæstiréttur gæti flutt starfsemi sína inn í húsið.“